



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

Sóttvarnalæknir

# FARSÓTTAFRÉTTIR

4. árg. 10. tölublað. Október 2008.

## EFNI:

Salmonellu-sýkingar 2007 og 2008	bls. 1
HIV og lifrabólga B og C fyrstu sex mánuði 2008	2
Greiningar á veirurannsóknadeild LSH	2

### Ritstjórn

Haraldur Briem sóttvarnalæknir, ábm.

Ása St. Atladóttir  
Guðrún Sigmundsdóttir  
Sigurlaug Hauksdóttir  
Þórolfur Guðnason

### Ritstjóri

Jónína M. Guðnadóttir

### LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

### SÓTTVARNALÆKNIR

Austurströnd 5  
170 Seltjarnarnes  
Sími: 510 1900  
Bréfasími: 510 1920

Netfang: mottaka@landlaeknir.is  
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildar getið.

## SALMONELLUSÝKINGAR 2007 OG 2008

Frá ársbyrjun 2007 til septemberloka 2008 hafa samtals 37 einstaklingar greinst með salmonellusýkingu þar sem uppruni smits var talinn vera á Íslandi, samkvæmt upplýsingum frá sýkladeild Landspítala. Flest greindra tilfella, eða 29 af 37, voru hjá einstaklingum með búsetu á höfuðborgarsvæðinu.

Sextán einstaklingar greindust með innlent smit á árinu 2007, en samtals greindust 93 salmonellutilfelli á því ári. Frá janúar til september 2008 var 21 einstaklingur talinn vera með smit af innlendum toga, en alls greindist 131 salmonellutilfelli á sýkladeildinni á sama tímabili. Þessi aukning milli ára stafar af tveimur hópsýkingum; sú fyrri varð í júní á sambýli aldraðra á höfuð-

borgarsvæðinu og var af völdum *Salmonella poona* og sú seinni varð í ágúst og september af völdum *Salmonella enteritidis* meðal íslenskra ferðalanga á eyjunni Ródós í Grikklandi.

Nokkur munur er milli ára á sermisgerðum salmonellu með innlendan uppruna en ekki hefur fengist skýring á þessum mun. Árið 2007 greindust stöku tilfelli af *Salmonella enteritidis* en árið 2008 greindust stöku tilfelli af *Salmonella typhimurium* (sjá töflu 2). Ennfremur má sjá fleiri sýkingar af völdum salmonellu árið 2007, sem ekki fékkst endanleg greining á á sýkladeildinni og því ekki vitað hvort salmonellusýkingarnar voru af sömu sermisgerð.

Fjöldi innlendra salmonellutilfella greind á sýkladeild Landspítala eftir mánuðum 2007 til september 2008													
Ár	Jan	Feb	Mar	Apr	Mái	Jún	Júl	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des	Samtals
2007	0	0	1	0	1	3	3	2	3	3	0	0	16
2008	0	0	1	1	1	10	1	7	0				21
<b>Samtals</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>1</b>	<b>2</b>	<b>13</b>	<b>4</b>	<b>9</b>	<b>3</b>				

Fjöldi greindra Salmonella sermisgerða hjá tilfellum með innlent smit eftir mánuðum 2007 til og með september 2008													
Sermisgerð	Ár	Jan	Feb	Mar	Apr	Mái	Jún	Júl	Ágú	Sept	Okt	Nóv	Des
S. enteritidis	2007	0	0	0	0	1	0	1	0	1	1	0	0
	2008	0	0	0	0	0	0	1	0	0			
S. typhimurium	2007	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0
	2008	0	0	1	1	1	1	1	2	0			
S. poona	2007	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
	2008	0	0	0	0	0	0	8	0	0			
S. species*	2007	0	0	1	0	0	3	1	0	0	1	0	0
	2008	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Annað**	2007	0	0	0	0	0	0	1	2	1	1	0	0
	2008	0	0	0	0	0	0	0	5	0			

\* Ekki tókst að greina endanlega sermisgerð bakterianna, ekki er vitað hvort stofnarnir eru af sömu sermisgerð.

\*\* Tvö tilfelli af völdum annars vegar *S. saintpaul* og hins vegar *S. stanley*. Eitt tilfelli af völdum *S. java*, *S. montevidео*, *S. newport*, *S. paratyphi*, *S. shubra*.

*Þeir sem greinst hafa með HIV-sýkingu á fyrstu sex mánuðum þessa árs eru allir af erlendu bergi brotnir.*

*Alls hafa greinst 37 einstaklingar með innlenda salmonellu-sýkingu allt árið 2007 til septemberloka 2008.*

## HIV-SÝKING OG LIFRARBÓLGA B OG C FYRSTU SEX MÁNUÐI ÁRSINS 2008

### HIV

Á fyrstu sex mánuðum þessa árs höfðu þrír einstaklingar greinst með HIV-sýkingu en það er sami fjöldi og greindist á sama tíma í fyrra. Þeir sem greinst hafa á þessu tímabili eru af erlendu bergi brotnir.

### Lifrabólga B

Mun fleiri hafa greinst með lifrabólgu B fyrstu sex mánuði þessa árs, eða 38 manns, samanborið við 19 manns sem greindust í fyrra á sama tíma. Tólf þeirra sem greinst hafa á þessu ári eru af erlendu bergi brotnir (32%). Þetta er nokkuð óvenjulegt því að undanfarin ár hafa nýbúar verið í meirihluta þeirra sem greinast með lifrabólgu B (sjá [Farsóttafréttir, Maí 2008](#)). Hjá þeim stafar viðvarandi lifrabólga yfirleitt af smiti frá

móður til barns í þeim löndum þar sem sjúkdómurinn er landlægur Þessi aukning meðal Íslendinga á þessu ári er því frekari vísbending um hugsanlega aukningu á misnotkun fíkniefna með sprautum og nálum og ógætlega notkun þeirra þar sem skipst er á menguðum áhöldum.

### Lifrabólga C

Enn sem fyrr greinast margir með lifrabólgu C hér á landi. Fyrstu sex mánuði ársins greindist 41 með sjúkdóminn en það er svipað og árið 2007 á sama tíma. Sex þeirra sem greinst hafa á þessu ári eru af erlendu bergi brotnir. Flestir þeirra sem greinast með lifrabólgu C hafa neytt fíkniefna með menguðum sprautum og nálum.

### Fjöldi tilfella sem greinst hafa með HIV-sýkingu, lifrabólgu B og C á fyrstu sex mánuðum árána 2007 og 2008

Sjúkdómur	1.1.–30.6. 2007	1.1.–30.6. 2008
HIV	3	3
Lifrabólga B	19	38
Lifrabólga C	40	41

## GREININGAR Á VEIRURANNSÓKNADEILD LSH

### Öndunarfærasýkingar

Frá byrjun september 2008 til 20. október hafa adenóveirur greinst oftast í sýnum frá öndunarvegi sjúklinga eða í 36% af greindum tilfellum. Aðrar veirur sem greinst hafa eru enteróveirur, parainflúensa, CMV og herpes simplex. Í lok ágúst greindist inflúensa B og í byrjun september greindist inflúensa A hjá einu barni, en engin tilfelli hafa greinst síðan þá. Því er ljóst að inflúensufaraldur er ekki hafinn enn sem komið er hér á landi og enn tími fyrir landsmenn að láta bólusetja sig.

### Meltingafærasýkingar

Tuttugu einstaklingar greindust með calici-veiru frá byrjun september, tveir með astróveiru, einn með adenóveiru og einn með rótaveiru. Calici-veira virðist því vera helsta orsök niðurgangs sem geisad hefur í samfélaginu undanfarið bæði hjá börnum og fullorðnum.